

166. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum
haldinn 27. september 2023 kl 17:00 í fundarherbergi skólans

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson, Magnús Jónsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Stefáns Boga Sveinssonar. Sigrún Birna Björnsdóttir var á Teams. Auk þess mættu áheyrnarfulltrúarnir: Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara, Steinunn Snædal f.h. foreldra og Sebastián Andri Kjartansson f.h. nemenda. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar.

1. Kosning formanns til næsta árs
2. Samþykkt fundargerðar 165. fundar undirrituð og samþykkt
3. Gangurinn í starfinu
4. Fjármál og mótvægisáðgerðir
5. Starfsmannamál haustsins
6. Önnur mál

Árni Óla skólameistari setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Kosning formanns til næsta árs

Skorað er á Skúla Björn Gunnarsson að halda áfram formennsku þetta starfsár. Hann þakkar stuðninginn og ætlar að sinna formannshlutverkinu áfram.

2. Samþykkt fundargerðar 166. fundar

Fundargerð 166. fundar var staðfest með undirritun. Formaður minnti skólameistara á tilmæli um að taka upp rafræna undirritun fundargerða.

3. Gangurinn í starfinu

Skólameistari sagði frá skólastarfinu en fyrri spönn haustannar er nú rúmlega hálfnuð. Starfsdagar voru 17. og 18. ágúst. Á þá var m.a. áhugaverður fyrirlestur um ólíkar týpur manna og að ekki hægt að koma eins fram við alla. Nýnemar mættu í skólann á mánudeginum 21. ágúst. Það hefur reynst vel að fá nýnemana eina fyrsta daginn. Aðrir nemendur mættu á þriðjudeginum. Nýnemamóttaka tókst mjög vel. Rattleikur var á milli húsa og nýnemaball síðar. Útilega var í Hallormstaðaskógi með grilli og samveru. Ágæt þátttaka var, 20 gistu en 80-100 mættu. Allt gekk vel og nemendur voru til fyrirmyndar. Nemendafélagið mun halda einn stóran viðburð í hverjum mánuði. Heimavistarbúar eru um 90 og fleiri sækja um en rúm er fyrir. Dagskólanemendur eru rúmlega 200 og fjarnemendur um 260. Skólaárið fer vel af stað. 20 nemendur hafa skráð sig til útskriftar í desember. Opinn dagur var 8. september en þá var farið í gönguferð að Grettistaki í Fellum og komið við í

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "PLS", "BPA", "BPA", and "BPA".

Vínlandi á heimleiðinni. Rætt var um hvaða stefnu skólinn hefur varðandi nám og hverja hann vill laða að skólanum. Stefnan liggur í skólanámskrá skólans og stefnu um að taka við öllum sem sækja um. Skólinn reynir að vera sterkur í því sem hann býður upp á. Upplýsingar frá HÍ sýna að skólinn hefur undirbúið nemendur vel fyrir háskólanám.

4. Fjármál og mótvægisáðgerðir

Skólameistari fór yfir fjármál skólans en neikvæð afkoma samkvæmt ársreikningi 2022 var 50 milljónir. Samanlagður halli síðustu fjögurra ára er kominn upp í 120 milljónir. Ársnemendur árið 2022 voru 340 en skólinn fær greitt fyrir 310. Veikindakostnaður árið 2022 er um 30 milljónir og veikindakostnaður árið 2023 virðist um 40 milljónir. Rætt um hvort þurfi að skoða hvað veldur og hvort verið sé að skoða þetta í framhaldsskólum yfir höfuð, t.d. hvort starfsumhverfið skapi þetta eða annað? Slíkur veikindakostnaður og veikindi starfsmanna yfirleitt koma alltaf fyrst og fremst niður á nemendum. Dregið hefur verið mikið saman í fjarnáminu á haustönn. Núna er samanlagður fjöldi dagskólanemenda og fjarnemenda í hópum um 24. Það þýðir að yfirvinna minnkar töluvert. Reynt verður að hafa svipaða stöðu í fjarnáminu á vorönn og lækka þannig launakostnað. Slæmt er að þurfa að draga úr fjarnáminu þar sem það hefur bjargað skólanum með að halda ársnemendafjölda sínum og skólinn er orðinn mjög vinsæll meðal fjarnemenda. Tveir fastráðnir starfsmenn hafa fengið uppsögn á starfshlutfalli til að draga úr launakostnaði til að mæta hallarekstri.

5. Starfsmannamál haustsins

Farið var yfir breytingar í starfsliði skólans. Heiðís Halla Bjarnadóttir var fastráðinn listnámsbrautarkennari en Bylgja Lind Pétursdóttir sagði upp. Elín Adda Steinarsdóttir er í fæðingarorlofi á þessari spönn. Elín Ása Heiðarsdóttir var ráðin í stærðfræðikennarastöðu. Sigríður Lára er í afleysingu vegna veikinda. Ólöf Björk Bragadóttir er í veikindaleyfi á haustönn en Elva Rún Klausen var ráðin í afleysingu. Magnús Halldór Helgason er í veikindaleyfi á fyrri spönn og Dagur Skírni Óðinsson leysir hann af. Vegna fjölgunar nemenda á starfsbraut voru Thelma Björk Snorradóttir og Kristín Dögg Kjartansdóttir ráðnar sem aðstoðarmaður/stuðningsfulltrúar. Einnig voru Ólöf Björg Óladóttir ráðin sem þroskaþjálfari og Reynir Hólm Gunnarsson sem forvarnarfulltrúi með tengsl inn í nemendaráðið, í nemendapjónustu og kennari á starfsbraut. Helga Þórleifsdóttir var ráðin í 80% stöðu félagsráðgjafa og stjórnenda NPME en Hildur Bergsdóttir er í launalausum leyfi. Margrét Árnadóttir var ráðin í 50% starf umsjónaraðila á heimavist og Birna Þórðardóttir í 75% starf ræstítækni í heimavistarhúsnæði.

6. Önnur mál.

PLS
EPA
PFA


- a. Spurt er hvort komið hafi bréf frá ráðuneytinu um viðræður um sameiningar við aðra skóla. Skólameistari sagði ekkert slíkt erindi hafa borist skólanum ennþá. Formaður lagði til að forsvarsfólk ME og VA ræddu saman um möguleika á samvinnu og samstarfi. Skólameistara og formanni falið að hafa samband við VA og kanna áhuga fyrir fundi.
- b. Nemendur hafa verið látnir blása inn áður en þeir mæta á böll í ME síðustu ár. Það hefur ekki verið vinsælt meðal sumra nemenda en ekki stendur til að breyta því. Að sögn fulltrúa nemenda virðast nemendur mæta minna á böllin nú orðið en áður fyrr, hvort sem það er vegna blásturs eða ekki. Þess vegna ætlar nemendaráðið að leggja meiri áherslu á annars konar stórviðburði í hverjum mánuði. Til dæmis verður ekki ball 1. des. annað árið í röð heldur borðhald með skemmtiatriðum.
- c. Spurt er hvort vinnuferlar séu fyrir viðbrögð hjá skólanum þegar koma upp ofbeldismál varðandi nemendur sem jafnvel eru kærð til lögreglu. Skólameistari sagði skólann vera með skýra stefnu um viðbrögð við ofbeldi hvernig brugðist væri við og nemendabjónustan heldur utan um það.
- d. Miðvikudagar eru hentugustu fundardagar nefndarinnar, 22. nóvember kl. 17:00 verður næsti fundur. Formaður og skólameistari munu senda út fundarplan fyrir veturinn.
- e. Formaður hvatti skólanefndarfulltrúa til að lesa yfir fundarsköp og verklagsreglur skólanefndar sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, en tímabært er að endurskoða þær.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.


Skúli Björn Gunnarsson




Magnús Jónsson



Sigrún Birna Björnsdóttir



Þorvaldur P. Hjarðar



Þuríður Lillý Sigurðardóttir

